



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn sambandsins

Dags.: 18. nóvember 2022

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið

Málsnr.: 2111020SA

Málalykill: 02.31

Efni: Breytt skipan barnaverndar – staðan á undirbúningi.

Breytingar á skipulagi barnaverndar taka gildi 1. janúar 2023. Eins og flestum er kunnugt verða barnaverndarnefndir sveitarfélaga lagðar niður en í stað þeirra reka sveitarfélög barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar.

Umdæmisráð barnaverndar eru sjálfstæðar stjórnsýslunefndir á vettvangi sveitarfélaga og er krafa um að lágmarksíbúafjöldi á bakvið hvert ráð sé 6000 íbúar. Í umdæmisráði sitja þrjú ráðsmenn, lögfræðingur, félagsráðgjafi og sálfræðingur og er skipunartími þeirra til fimm ára. Flest sveitarfélög eru að ljúka við gerð samstarfsamninga um umdæmisráð en umdæmisráða á landsvísu verða fjögur þ.e. umdæmisráð landsbyggðar, höfuðborgarsvæðis, Reykjavíkur og Suðurnes - Árborg.

Pegar sveitarfélög hafa lokið við skipan umdæmisráða þá þurfa þau sveitarfélög sem eru með færri en 6000 íbúa að taka ákvörðun um samstarf um barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta ber ábyrgð á framkvæmd þjónustu þ.m.t. á barnaverndarúrræðum og að taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, aðrar en þær sem umdæmisráð tekur. Barnaverndarþjónusta er hluti af stjórnsýslu sveitarfélaganna en er sjálfstæð og tekur ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Eins og áður segir er lágmarksíbúafjöldi á bak við hverja barnaverndarþjónustu 6000 íbúar en möguleiki er að fá undanþágu fyrir fámennari svæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. um fagþekkingu. Sveitarfélög þurfa að sækja um undanþágu frá 6000 íbúamarkinu til mennta- og barnamálaráðuneytis á þar til gerðu eyðublaði sem er vistað á eyðublaðavef stjórnarráðsins: <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>.

Mikilvægt er að umsóknir um undanþágu berist sem fyrst til ráðuneytisins því afgreiðsla undanþágubeiðna þarf að ljúka fyrir árslok. Þau sveitarfélög sem hyggjast sækja um undanþágu eru því hvött til að gera það sem fyrst.